



Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, og Ásdís Arnardóttir vinna að uppsetningu ljósmyndasýningarinnar.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Á ÞRÍÐJA HUNDR- AÐ LJÓSMYND Í GERÐARSAFNI

ÓLAFUR Ragnar Grímsson forseti Íslands opnar árlega samsýningu Ljósmyndarafélags Íslands og Blaðljósmyndarafélags Íslands í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, í dag, laugardag kl. 14.04. Þá verður einnig opnuð gestasýning Sigurðar Jökuls „Leitin að enska sjentilmanninum“ og mun sendiherra Breta flytja stutt ávarp af tilefninu.

Þetta er fjórða samsýning félagsanna, en á sýningunni er á þriðja hundrað mynda. Á sýningu LÍ eru 24 sýnendur með um 55 myndir frá ýmsum sjónarhornum samfélagsins, auk hefðbundinna ljósmynda-stofumynda. Á sýningu BLÍ, sem er hluti af árlegri samkeppni félagsins, eru um 172 myndir. Í undangengnu forvali valdi dómnafnd

myndirnar á sýninguna, en alls bárust 512 myndir í keppnina.

Samkeppnin skiptist í fjóra aðalflokka, fréttir, ífróttir, manna-myndir og opin flokk. Undir opna flokkinn falla landslagsmyndir, tiskuljósmyndir, skoplegar myndir, myndraðir og myndir úr daglega lífinu. Alls tóku 28 ljósmyndarar þátt í samkeppninni.

Veitt verða verðlaun og viðurkenningar fyrir þrjár myndir ljósmyndara í LÍ og sjö myndir BLÍ fá átta verðlaun og viðurkenningar.

Á gestasýningu Sigurðar Jökuls gefur að líta 17 myndir af enskum heidursmönnum og lávörðum.

Sýningin stendur til og með 30. mars og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 11-17.



Sigurður Flosason



Edvard Nyholm Debess



Jim Milne

Norrænn blær í djassi Grisfo-tríósins

GRISFO-tríóið heldur djass-tónleika í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, kl. 17. Þar með lýkur tónleikaferð tríósins sem hófst í Þórshöfn 3. mars, þaðan var farið til Nuuk og haldnir tónleikar 6. og 7. mars.

Tríóið skipa kontrabassaleikarinn Edvard Nyholm Debess (Færeyjar), altsaxófónleikarinn Sigurður Flosason og pianóleikarinn Jim Milne (Bandaríkin/Grænland). Tríóið dregur nafn sitt af Vestur-Norðurlöndunum þremur, Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, en þaðan eru tónlistarmennirnir.

Edvard Nyholm, Sigurður og Jim náðu saman í NAPA Big Band 2001 þar sem tónlistarmenn frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi komu

saman í stórhljómsveit undir stjórn Mariu Schneider. En þetta er í fyrsta sinn sem tónlistarsamvinna þessara þriggja landa fæðir af sér djasstrío. Í þetta sinn semur hver tónlistarmaður sérstaklega fyrir tríóið og eru það djasshljómar sem hver þátttakandi setur sinn stíl á, en norrænn blær er sameiginlegt einkenni tónlistarinnar.

Síðar á árinu mun tríóið koma fram í Dublin, St. John's á Nýfundnalandi, Leirvík á Hjaltlands-eyjum, Akureyri og víðar.

Samstarfssjóðurinn Nuuk – Reykjavík – Tórshavn og Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) hafa veitt styrk til tónleikanna sem eru haldnir í samvinnu við Katuaq og Norðurlandahúsið í Færeyjum.



Verk, sem verður á sýningunni, eftir Guðmundu Andrésdóttur.

Úrval nýrra aðfanga í Hafnarhúsinu

LISTASAFN Reykjavíkur – Hafnarhús opnar sýningu á úrvali nýrra aðfanga frá árunum 1998-2001 í dag, laugardag, kl. 16.

Á undanföllum fjórum árum hafa rúmlega fjögurhundrað listaverk bæst í eigu Reykjavíkinga og eru þau varðveitt í Listasafni Reykjavíkur. Aðföngunum má skipta í tvo hluta, gjafir sem eru 251 og innkaup sem eru 173. Verkin spanna breitt tímabil í listasögunni en þau eru unnin allt frá árinu 1826 til ársins 2001.

Í tengslum við opnun sýningarinnar verður gefin út sýningarskrá sem m.a. inniheldur yfirlit yfir öll aðföng Listasafnsins á síðustu fjórum árum.

„Allt frá tilkomu Kjarvalsstaða árið 1973 hefur Reykjavíkurborg safnað listaverkum eftir íslenska listamann með markvissum hætti. Árlega hefur verið keyptur nokkur fjöldi listaverka til Listasafns Reykjavíkur – rúmlega fjórutíu verk að meðaltali undanfarið ár –

en auk þess hefur safnið hlotið margar höfðinglegar listaverkagjafir frá velunnurum, innlendum og erlendum. Allir landsmenn vita að stórar gjafir frá listamönnum Jóhannesi S. Kjarval, Ásmundi Sveinsyni og Erró eru grunnurinn að Listasafni Reykjavíkur, en einnig er rétt að minna á að fjölmargir einstaklingar, listunendur og listamenn hafa í gegnum árin ánafnað safninu listaverk, og þannig átt stóran þátt í uppbyggingu þess til lengri tíma,“ segir Eiríkur Þorláksson safnstjóri.

„Við innkaup listaverka á þessu tímabili hefur sem fyrr verið haft að leiðarljósi að Listasafn Reykjavíkur skuli eftir því sem kostur er eignast framúrskarandi listaverk eftir helsta núlifandi listafólki þjóðarinnar. Jafnframt hefur verið leitast við að nýta tækifæri til að fá til safnsins verk látinna listamanna sem bæta enn frekar þá heildarmynd, sem safneignin getur gefið af þróun myndlistar á Íslandi á síðustu öld.“

ERLENT



Hirðin í Búrgund

SÝNINGARGESTUM í Historische-safninu í Bern í Sviss, býðst þessa dagana að virða fyrir sér brot af því ríkidæmi sem einkenndi hirð hertoganna af Búrgund á 15. öld. Fagurlega ofin veggteppi og önnur textíilverk í eigu safnsins þykja hafa varðveist betur en flest önnur textíilverk frá þessum tíma. Þrjú Búrgundarteppanna eru hluti af ránsfeng Svisslendinga eftir Grandson- og Murten-orusturnar 1476. Ríkulegasta veggteppið féll hins vegar í hendur Svisslendinga eftir fall Búrgundar 1536.

Teppin, sem eru ýmist ofin úr ull, silki og gullþráðum, eru jafnan geymd í hálfrökkrudum herbergjum til að varðveita litbrigði þeirra sem best. Í tilefni sýningarinnar eru þau hins vegar nú í vel lýstum söllum safnsins, sem að mati þýska dagblaðsins *Frankfurter Allgemeine* veitir handbragði hönnuða þeirra nýjar víddir. Ekki þykir þá spilla fyrir að á tveimur veggteppanna í safninu má sjá nákvæma eftirlíkingu af veggmyndum Rogier van der Weyden sem prýddu dómsalinn í Brussel fyrir brunnann 1695.

Astrid Lindgren-verðlaunin

BÓKMENNTAVERÐLAUN, sem nefnd hafa verið í höfuðið á barnabókahöfundinum Astrid Lindgren, hafa verið sett á fót í Svíþjóð. Verðlaunin verða veitt fyrir barna- og unglingsbækur og nemur verðlaunaféð 5 milljónum sænskra króna, eða um 48,5 milljónum íslenskra króna.

„Við erum stolt og ánægð yfir að stjórnvöld hafi komið þessum verðlaunum á. Það er okkar trú að Astrid sjálf hefði kunnad að meta að þessi verðlaun yrðu veitt í minningu hennar,“ sagði Carl Olof Nymman, tengdasonur Lindgren, er tilkynnt var um verðlaunin.

„Við teljum líka að á himnum gleðjist hún meira yfir þessum verðlaunum, heldur en ef henni hefðu verið veitt Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.“

Lindgren var jarðsett í gær og fylgdu þúsundir henni til grafar.

Kínversk bronsaldarmening

METROPOLITAN-listasafnið í New York hýsir þessa dagana sýningu á bronsaldarmunum frá Kína.

Fagurlega útskornir gripir með dýrslegum verum vekja sérstaka athygli bandaríska dagblaðsins *New York Times*. En munir frá Shang (1600–1046) og Zhou (1046–221) tímabilunum, sem nefna má blómaskeið kínverskrar bronsmenningar, þykja góð dæmi um slíka gripi. Sú sjónræna fágum sem einkennir verk frá þessum tímabilum byggist á langri hefð, þar sem kynslóð eftir kynslóð átti sinn þátt í þróuninni.